



## 89. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

haldinn í Stofu íslenska fræða mánudaginn 23. September 2019

Fundinn sátu Gunnar Þorgeirsson, Friðrik Sigurbjörnsson, Eydís Indriðadóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Helga Margrét Óskarsdóttir, fulltrúi nemenda. Elín Una Jónsdóttir, fulltrúi kennara. Gestur fundarins var gæðastjóri, Freyja Rós Haraldsdóttir. Pálmi Hilmarsson kom inn á fund kl. 13:33 til að fara yfir þriðja lið, öryggismál (yfirgaf fundinn þegar því lauk). Halldór Páll Halldórsson og Jóna Katrín Hilmarsdóttir, ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Upphaf skólaársins – nemendur og hvaðan þeir koma, starfsmannamál, annað
2. Stefna skólans (áherslur, markmið og framtíðarsýn)
3. Öryggismál
4. Gæðamál – gæðahandbók
5. Önnur mál

### 1. Upphaf skólaársins

Halldór Páll fór yfir starfsmannalista Menntaskólans. Jóna Katrín fór yfir tölfræði yfir nemendafjölda og skiptingu nemenda eftir landshlutum. Athygli vakti lágt hlutfall pilta við skólann og nefndarmenn ræddu mögulegar ástæður fyrir þessari þróun. Gunnar biður um að fyrir næsta fund verði tilbúið yfirlit yfir kynjaskiptingu í framhaldsskólum á landsvísu.

### 2. Stefna skólans

Freyja Rós fór yfir stefnu skólans sem hefur verið í smíðum og nefndarmenn beðnir um að gagnrýna og koma með athugasemdir. Stefnt er að því að stefnan verði svo birt á heimasíðu skólans þegar stjórn Mímis hefur lokið sínum yfirlestri yfir skjalið.

### 3. Öryggismál

Pálmi Hilmarsson umsjónarmaður fasteigna og húsbóndi fór yfir helstu þætti sem varða öryggismál í skólastarfinu og í húsnæði þess. Pálmi er öryggisfulltrúi skólans og Jón Snæbjörnsson, eðlis- og stærðfræðikennari, er öryggisfulltrúi starfsmanna en hann er einnig verkfræðingur að mennt.



#### 4. Gæðamál

Freyja Rós fór yfir innleiðingu gæðahandbókar og skjalavörslukerfis við Menntaskólann að Laugarvatni. Breyting á persónuverndarlögum kallar á ýmsar breytingar sem nú er verið að vinna að og málin eru komin í ágætan farveg.

#### 5. Önnur mál

- a. Húsnæðismál – framtíðarpælingar. Halldór Páll fór yfir framtíðaráætlanir varðandi viðhald á gluggum og klæðningu skólahúsnæðis. Áætlun um þessi verkefni mun liggja skýrar fyrir þegar skýrsla frá úttektaraðila liggur fyrir sem verður bráðlega.
- b. Hótel Edda - Mikil breyting hefur orðið hin síðustu ár á rekstri Hótel Eddu ML. Samdráttur í gistingu HE hefur verið það mikill að ekki er lengur rekstrargrunnur Landsbyggðahótela Icelandair á Eddu hóteli í ML. Ástæða samdráttarins er talin vera fyrst og fremst mjög aukið framboð gistirýmis í uppsveitum. Ekki verður hótelrekstur í ML sumarið 2020. Samstarf 59 ára hefur verið afar farsælt og er öllum hlutaðeigandi þakkað fyrir þau ár.
- c. Þakkarbréf frá Hveragerðisbæ. Halldór Páll les bréf er barst frá bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þar sem þakkað er fyrir að Menntaskólinn treysti Hvergerðingum fyrir framtíð apans Bongó en Hvergerðingar munu hafa apann til varðveislu.
- d. Freyja Rós fór yfir niðurstöður sjálfsmats frá hausti 2018 og vori 2019. Einnig fór Freyja stuttlega yfir niðurstöður könnunar sem gerð var af Rannsóknum og greiningu. Að lokum var minnst á að ML varð í 4. sæti yfir Fyrirmyndarstofnanir 2019.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið 15:00